



## Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 21. maí 2014

### - Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 21. maí 2014 og hófst hann stundvíslega klukkan 14:00. Á fundinn mættu 95 einstaklingar, 74 fulltrúar aðildarfélaga, 4 fulltrúar atvinnureknda með full réttindi á fundinum og 17 almennir sjóðfélagar. Björn Snæbjörnsson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurbórsdóttur sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Fundarstjóri tók til starfa og stakk upp á Önnu Lilju Gunnlaugsdóttur sem fundarritara og var sú tillaga einnig samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins en í grein 3.9 í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að boða skuli fundinn með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til aðildarfélaga og 50 stærstu launagreiðenda með bréfi dags. 16. apríl sl. Fundurinn var auglýstur í Ríkisútvarpinu þann 14. og 20. maí auk þess sem fundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins. Þá var fundurinn auglýstur á sjóðfélagayfirlitum sem send voru út í apríl og í svæðisbundnum auglýsingamiðlum. Leitaði fundarstjóri eftir athugasemendum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Fundarstjóri kynnir dagskrá fundarins sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

### 2. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Björn Snæbjörnsson flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2013.

Í samantekt hans kom fram að árið 2013 hefði að vissu leyti verið krefjandi ár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Hefðbundinn rekstur sem og skipulagsbreytingar hafi gengið vel og skipulag og starf sjóðsins markvissara ásamt því að eftirlit og áhættustýring væri nú í fastari skorðum.

Ávöxtun sjóðsins hafi á hinn bóginn verið undir markmiðsávöxtun og mætti það alfarið rekja til þeirrar fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hafi valið sér og haldið sig við. Stefnan sé varkár þar sem verulegur hluti eignanna sé í ríkisskuldabréfum sem skiluðu slakri ávöxtun á síðasta ári. En áhættutaka borgaði sig á árinu 2013 bæði hér heima og erlendis.

Þá vék stjórnarformaður að ójafnvægi í efnahag landsins og áhrifum gjaldeyrishafta og því áhættusama verkefni sem afléttung þeirra er. Einnig kom hann inn á umræðu um eignabólumyndun gjaldeyrishafta sem og þróngar heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga.

Á síðasta ári styrktist krónan um tæp 10% og hafði það neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins og lækkaði ávöxtun hans um 2,1% eða 2,8 milljarða króna. Stapi hafi áfram lagt áherslu á áhættudreifingu erlendis með fjárfestingum í mismunandi eignaflokkum en ýmsar blikur eru á lofti og hefur sjóðnum þótt ástæða til að fara varlega.

Þá fjallaði stjórnarformaður um umræður verðtryggingar hér á landi. Hugmyndir um afnám hennar á fasteignalánum og mikilvægi þess að kvöðum um greiðslu verðtryggðs lífeyris verði a.m.k. skilyrt þannig að áhætta í rekstri lífeyrissjóða verði ekki aukin um of. Einnig kom hann inn á nýja löggjöf um neytendalán sem sett var á síðasta ári, fjallaði um markmið hennar og áhrif á starfsleyfi sjóða.

Hæfismat Fjármálaeftirlitsins á nýju stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn var gert að umræðuefni. En áhyggjuefni þykir að fyrst og fremst er lögð áhersla á menntun á sviði viðskipta-og lögfræði auk reynslu í stjórnunarstörfum en ekki litið til þekkingar á sviði réttindamála eða kjörum og aðstæðum þeirra sem tryggðir eru í sjóðnum. Tveimur varamönnum í stjórn sjóðsins hafi verið vikið úr stjórn að hálfu eftirlitsins frá síðasta fundi.

Mikilvægi skref voru tekin í bættri þjónustu við sjóðfélaga á síðasta ári. Mátti þar helst nefna opnum nýrrar heimasíðu, Lifeyrisgáttarinnar, sem opnar greiða leið að upplýsingum um réttindi og gefur góða heildaryfirsýn. Jafnframt samþykkti stjórn Stapa að ráða kynningar- og upplýsingafulltrúa til sjóðsins til að auka og bæta upplýsingastreymi og bæta þjónustu við sjóðfélaga og aðra hagsmunaðila. Var gengið frá þeirri ráðningu í ársbyrjun 2014.

Mál tengd hruni íslenska bankakerfisins hafa nú að mestu verið gerð upp en stjórnarformaður fjallaði um þau dómsmál sem til kasta komu á síðasta ári, niðurstöður þeirra og áhrif í bókum sjóðsins.

Lítilega kom stjórnarformaður inn á umræður á réttindakerfi íslenskra lífeyrissjóða á almennum markaði en hugmyndir að nýju kerfi eru til skoðunar.

Þá fjallaði stjórnarformaður um heimild til úttektar á viðbótarlífeyrissparnaði og þá ákvörðun um að gera þetta að varanlegum kosti. Erfitt verði að stuðla að þessum sparnaði og augljóst að slíkar ákvarðanir eru til þess fallnar að rýra tekjur lífeyrisþega framtíðarinnar. Að nota lífeyrissjóða í þeim tilgangi að innheimta iðgjöld atvinnurekenda sem nýta á til greiðslu húsnæðisskulda einstaklinga er fráleitt og langt í frá hlutverk þeirra.

Að lokum þakkaði hann meðstjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Einngi lífeyrisþegum, sjóðfélögum og launagreiðendum sjóðsins.

## 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning Stapa lífeyrissjóðs 2013. Hann hóf yfirferð á áritun óháðra endurskoðanda en álit endurskoðenda er að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins árið 2013 og efnahag hans þann 31. desember 2013. Þá benti hann m.a. á að í áritun endurskoðenda væri ábending um mat og framsetningu á skuldum tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum sem og öðrum afleiðusamningum. Óvissa væri um endanlega niðurstöðu þeirra og uppgjör samninganna. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og helstu tölum hans.

- Iðgjöld ársins 2013 voru 6.729 milljónir króna.
- Lífeyrir var 3.967 milljónir króna.
- Fjárfestingartekjur 9.340 milljónir króna.
- Fjárfestingargjöld 79 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður 180 milljónir króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2013 143.501 milljónir króna og hækkaði 9% milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust eftirfarandi:
  - Húseignir og lóðir voru 62 milljónir króna.
  - Verðbréf með breytilegum tekjum 50.209 milljónir króna.
  - Verðbréf með föstum tekjum 85.111 milljónir króna.
  - Veðlán 1.357 milljónir króna.
  - Bundnar bankainnistæður 2.739 milljónir króna.
  - Kröfur 681 milljónir króna.
  - Aðrar eignir námu 4.220 milljónir króna.
  - Skuldir í árslok voru 877 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eigaþamsetningu. Einnig fór hann vel yfir og útskýrði helstu skýringar ársreiknings.

## 2. Tryggingafræðilegt mat

Tryggingastærðfræðingurinn Bragi Guðmundsson kynnti tryggingafræðilegt mat og fór yfir forsendur og aðferðarfræði sem liggja að baki því. Niðurstaðan var á þá leið að heildarskuldbindingar nema 4,58% meira en eignir og iðgjöld framtíðarinnar. Tryggingafræðileg staða Stapa er því innan skilgreindra marka laganna sem og stefnu sjóðsins og aðgerða því ekki þörf. Í árslok 2012 var staðan neikvæð um 4% og hefur því versnað milli ára.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Fyrirspurn barst úr sal frá Braga Jóhannssyni fulltrúa FVSA. Hrósaði hann framsetningu efnis og skýrslunni en óskaði eftir umfjöllun á almennara máli fyrir sjóðfélaga. Einnig óskaði hann eftir nánari útskýringu á niðurfærslutölu og skuld við lánastofnanir. Kalla eftir skýringu á tilurð og framsetningu í ársreikningi. Jafnframt óskaði hann eftir nánari sundurliðun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði. Framkvæmdastjóri þakkaði ábendinguna og svara fyrirspurn með því að fara ítarlega yfir skýringarliði 3, 10 og 11 í ársreikningi ásamt því að tilgreina stöðu í efnahagsreikning sjóðsins. Fór yfir með myndrænum hætti, ítarlega sundurliðun kostnaðar og útskýrði liði í sjóðsstreymi, sem Bragi hafði spurt um.

Þá var ársreikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

## 3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstjórin Arne Vagn Olsen kynnti fjárfestingarstefnu og ávoxtun sjóðsins. Gerði hann grein fyrir fjárfestingarmarkmiðum sem og fjárfestingarheimildum ársins 2014. Þá fór hann einnig ítarlega yfir alla eignaflokka ásamt því að fjalla um ávoxtun sjóðsins 2013 og áhættu. Einnig var uppyggingu og ávoxtun séreignarsafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri fór yfir helstu markmið og framkvæmd áhættustýringar ásamt því að gera grein fyrir helstu verkefnum áhættustjóra og áhættuþáttum sjóðsins. Einnig benti hún á mikilvægi á eftirfylgni sjóðsfélaga og framkvæmd hennar.

Að lokinni kynningu áhættustjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingastefnu og áhættustýringu en enginn kvaddi sér hljóðs. Þá var gert 25. míni hlé á fundi en samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að gera hlé á meðan kosning stjórnarmanna fer fram.

Fundur hófst að kaffihlé loknu klukkan 16:20

#### 4. Breytingar á samþykktum

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir þennan ársfundinn og gerði fundarstjóri grein fyrir því ásamt því að kalla eftir athugasemdu. Engar athugasemdir eða fyrirspurnir bárust.

#### 5. Kosning stjórnar

Fundastjóri gerði grein fyrir hvernig stjórnarkjör fer fram, en samkvæmt samþykktum sjóðsins eiga fulltrúar launagreiðenda að tilnefna fjóra fulltrúa (þar af two til eins árs) og launaþegar eiga að kjósa two fulltrúa (til tveggja ára), en tveir hafa ekki lokið kjörtíma.

Unnur Haraldsdóttir gerði grein fyrir kjöri launagreiðanda en af hálfu þeirra voru kjörin:

*Kjörnir til tveggja ára:*

Aðalmenn: Ágúst Torfi Hauksson og Unnur Haraldsdóttir

Varamenn: Erla Jónsdóttir og Sigurður Sigurðsson

*Kjörnir til eins árs:*

Aðalmenn: Gunnþór Ingvarsson og Kristín Halldórsdóttir

Varamenn: Þórunn Sif Harðardóttir og Björn Víkingur Björnsson

Ásgerður Pálsdóttir gerði grein fyrir kjöri launþega en að hálfu þeirra voru kjörin:

*Kjörnir til tveggja ára:*

Aðalmenn: Þórarinn Sverrisson, Aldan stéttarfélag og Huld Aðalbjarnardóttir, Framsýn

Varamenn: Erla Björg Guðmundsdóttir, FVSA og Sigríður Dóra Sverrisdóttir, AFL starfsgreinafélag

*Kjörinn til eins árs:*

Varamaður: Tryggi Jóhannsson, Eining Iðja

#### 6. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, Knút Þórhallsson og Ragnar Jóhann Jónsson sem löggilda endurskoðendur sjóðsins og var sú tillaga samhljóða samþykkt.

## 7. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði einnig grein fyrir þeirri tillögu að óbreyttum stjórnarlaunum frá fyrra ári. Þar var tilgreint að stjórnarlaun væru 80.000 krónur á mánuði, varamaður fengi 40.000 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 160.000 krónur og varafirmaður 120.000 krónur. Þessi tillaga var samhljóða samþykkt.

## 8. Önnur mál

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur kynnti útfærslu á nýju réttindakerfi og samanburð á réttindaávinnslu. Fjallaði hann um two meginflokk kerfa í dag, kosti og galla og útfærslu breytinganna. Þá gerði Bjarni mun á réttindaávinnslu í núverandi og nýju kerfi góð skil ásamt því að fjalla um skiptingu iðgjalds, auk þess tók hann taka dæmi um hvernig yfirlit til sjóðfélaga gæti liðið út.

Eftir kynningu á nýju réttindakerfi gaf fundarstjóri orðið laust og barst fyrirspurn frá Braga Jóhannssyni fulltrúa FVSA. Kallaði hann eftir tillögu og ásamt því að leggja til að haft verði samband við landssamtök lífeyrissjóða upp á samhæfðar aðgerðir, en að hans mati djarf að einn sjóður fari fram í þessu máli. Einnig veltir hann fram spurningu um rekstur tveggja safna í nýju kerfi. Önnur fyrirspurn barst úr sal þar sem óskað er eftir upplýsingum um sögu hækkanna/lækkanna réttinda hjá Stapa lífeyrissjóði.

Framkvæmdastjóri svarar fyrirspurnum og víesar í tillögu sem lögð verði fram í lok fundar. Einnig upplýsingar hann um fund framkvæmdastjóra lífeyrissjóða sem verði síðar í mánuðinum og þar verði breyting á kerfi kynnt. Að sama skapi verði tillaga að breytingu ekki lögð fram til samþykktar nema bakland sjóðsins samþykki hana. Breytingin sé þó í sjálfu sér ekki til þess fallin að hafa áhrif á aðra sjóði og það væri hlutverk sjóðsins sjálfs, þ.e. ársfundar hans að taka ákvarðanir í þessum málum, en ekki annarra. Hvað varðar sögu í breytingu réttinda hjá sjóðnum sé erfitt að tilgreina fyrir Stapa sem heild þar sem ólíkar forsendur liggi fyrir hjá sjóðum fyrir sameiningu. Gróflega áætlað sé þetta í heildina nálægt því að netta hvort annað út, þ.e. hækkanir fyrir hrún og lækkanir eftir.

Að lokum kynnti Björn Snæbjörnsson, formaður stjórnar, þá tillögu að samþykkt verði að vinnu við gerð nýs réttindakerfis í anda þess sem kynnt var á fundinum verði haldið áfram. Steft verði að auka ársfundi haustið 2014, til frekari kynningar, og að tekin verði endanleg ákvörðun um nýtt kerfi á árfundi sjóðsins 2015. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum góðan fund og sagði honum slitið klukkan 17:16.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:

Anna Lilja Gunnlaugsdóttir